



Húnabyggð

Reglur um akstur foreldra í dreifbýli vegna þátttöku barna þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi fjarri heimili.

Reglum þessum er ætlað að koma til móts við foreldra sem þurfa að aka börnum sínum langan veg í íþróttir og aðrar tómstundir í sveitarfélaginu Húnabyggð. Um leið ættu þær að vera foreldrum hvatning til að nýta það tómstundastarf sem í boði er fyrir börnin sín og um leið draga úr þeim mismun sem búseta langt frá þjónustu getur haft í för með sér.

Sveitarfélagið greiðir foreldrum styrk vegna aksturs með börn sem stunda íþrótt- og tómstundastarf fjarri heimili sínu samkvæmt eftirfarandi:

Styrkurinn miðast við börn og ungmenni í dreifbýli á aldrinum 6 – 18 ára sem búsett eru og eiga lögheimili í sveitarfélaginu Húnabyggð þ.e pósthúsnúmerum 541 og 546. Börn sem komin eru af grunnskólaaldri þurfa að hafa fasta búsetu á lögheimili sínu í dreifbýli.

Styrkupphæð á ári: Lögheimili í < 20 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað: 50.000 kr. með hverju barni.

Lögheimili í 20 – 30 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað: 75.000 kr. með hverju barni.

Lögheimili í 30 – 50 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað: 100.000 kr. með hverju barni.

Styrkurinn er greiddur tvisvar á ári, 50% af heildarupphæð í hvort skipti. Sótt skal um styrkinn á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu sveitarfélagsins. Styrkurinn miðast við að æfingar/ástundun sé 8 mánuði eða lengur á ári. Sé tíminn skemmri greiðist styrkurinn sem hlutfall af þeim tíma, $x/8$.